



**Reykjavíkurborg**  
Skrifstofa þjónustu og reksturs

Reykjavík, 15. september 2020

Innkaupa- og framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar  
Borgartúni 12-14,  
105 Reykjavík

**Útboð nr. 14913 Cisco Umbrella hugbúnaðarleyfi**

Þann 14. september 2020 voru opnuð tilboð í útboð nr. 14913 „Cisco Umbrella hugbúnaðarleyfi“ og bárust tilboð frá fjórum aðilum.

Aðilarnir sem buðu eru þessir:

1. Sensa ehf.
2. Origo hf.
3. Advania Ísland ehf.
4. Opin Kerfi hf.

**Lægsta gilda tilboð var tilboð Advania Ísland ehf., USD 540.000,- án vsk.**

Innkaupaskrifstofa hefur yfirfarið tilboð lægst bjóðanda m.t.t. krafna um fjárhagslegt hæfi og hefur staðfest að lægst bjóðandi, Advania Ísland ehf, uppfyllir kröfur um fjárhagslegt hæfi. Upplýsingatækniþjónusta Reykjavíkurborgar hefur yfirfarið tilboð Advania og staðfestir að kröfur um tæknilega og faglega getu eru uppfylltar.

Upplýsingatækniþjónusta leggur til að gengið verði að tilboði Advania Ísland ehf., enda uppfyllir það allar kröfur útboðsganga og er jafnframt lægsta gilda tilboðið.

F.h. Upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar (UTR)

---

Helga S. Kristjánsdóttir  
SAM & innkaupastjórn hjá UTR